

Varðveita, rækta og verja fjölskylduna



Kennið þær ritningargreinar og tilvitnanir sem blessa systurnar sem

þið heimsækið. Berið vitni um kenninguna. Biðjið þær sem þið heimsækið að miðla af því sem þær upplifa og læra.

Hvers vegna verð ég að verja kenninguna um fjölskylduna?

Æðsta forsætisráðið og Tólfpostulasveitin: „Fjölskyldan er vígð af Guði. Hjónaband milli karls og konu er nauðsynlegt eilífri áætlun hans. Börn eiga rétt á því að fæðast innan hjónabandsins, vera alin upp af föður og móður sem heiðra hjónabandseiða sína af fullkominni tryggð“ („Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,“ *Liahona*, okt. 2004, 49; *Ensign*, nóv. 1995, 102).

Julie B. Beck, aðalforseti Líknarfélagsins: „Sérhver kona í þessari kirkju hefur, sem lærisveinn Jesú Krists, þá ábyrgð að varðveita, rækta og verja fjölskyldur. Konur hafa einstætt hlutverk sem þeim var falið fyrir grundvöllun þessa heims. Og sem Síðari daga konur er halda sáttmála, er okkur ljóst að miklu skiptir að við hefjum upp raust okkar til varnar þess að kenningin um fjölskylduna sé mikilvæg til styrktar fjölskyldum um heim allan“ („What Latter-day Saint Women Do Best: Stand Strong and

Immovable,“ *Liahona* og *Ensign*, nóv. 2007, 110).

Hvernig get ég staðið vörð um fjölskylduna?

K&S 88:119: „Komið reglu á líf yðar. Gjörið allt gagnlegt til reiðu og stofnið hús, já, hús bænar, hús föstu, hús trúar, hús fræðslu, hús dýrðar, hús reglu, hús Guðs.“

Spencer W. Kimball forseti (1895–1985): „Heimilið er sem höfn eða at-hvarf í stormi og stórsjó lífsins. Lögð er rækt við andríki með daglegri bænagjörð, ritningarnámi, trúar-kennslu á heimilinu og öðru álíka, fjölskyldukvöldum, fjölskyldufundum, leik og starfi fjölskyldunnar, gagnkvæmri þjónustu og miðlun fagnaðarerindisins til samferðafólks okkar. Þá er einnig lögð rækt við andríki með því að sýna þolin-mæði, góðvild og gagnkvæman anda fyrirgefningar og með því að tileinka sér reglur fagnaðarerindisins í fjölskyldulífinu“ („Therefore I Was Taught,“ *Tambuli*, ág. 1982, 2; *Ensign*, jan. 1982, 3).

Öldungur M. Russell Ballard í Tólfpostulasveitinni: „Ég bið alla þegna þessarar kirkju og dygga foreldra, afa og ömmur, og meðlimi stórfjölskyldu hvar sem er, að halda sig fast að þessari yfirlýsingu, og gera hana að tákni ekki ólíku „frelsstákni“ Morónís hershöfðingja, og skuldbinda sig til að lifa eftir hugsjón hennar. . . .

Í heiminum í dag, þegar árás-ir Satans á fjölskylduna eru svo ríkjandi, verða foreldrar að gera allt sem þeir geta til að standa vörð um og verja fjölskylduna. En erfiði þeirra kann að vera ófullnægjandi. Grunneining fjölskyldu okkar hefur bráða þörf fyrir hjálp frá stórfjölskyldunni og opinberum stofnunum sem umhverfis okkur eru“ („What Matters Most Is What Lasts Longest,“ *Liahona* og *Ensign*, nóv. 2005, 42–43).

Öldungur Robert S. Wood af hin-um Sjöúu: „Allt of mörgum finnst ábyrgð sín enda með handapati og upphrópunum. En orðin ein fá litlu áorkað. Við þurfum að láta mikið að okkur kveða í heiminum. Séu siðferðisgildi úreld eða á undanhaldi í skólum okkar, verðum við að vinna að því ásamt öðrum í samfélaginu að koma á breytingum. Séu hverfi okkar óörugg eða óheilsusamleg, verðum við að ganga til liðs við þá sem láta sér annt um samfélagið og vinna að lausnum. Ef borgir okkar og bæir eru mengaðir, ekki aðeins af loftmengun, heldur sálareyðandi ánetjun og óþverra, verðum við að vinna að því að finna gildar aðferðir til að útiloka slíkan óþverra. . . . Við berum þá ábyrgð að vera öðrum til blessunar, þjóð okkar og heiminum öllum“ („On the Responsible Self,“ *Ensign*, mars 2002, 30–31).